

Foreldraráð 2013-2014

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Hanna Kristín (Hákon Þór)

Helga (Eyrún Hekla, Ingólfur Oddi)

Karl Ingi (Bríet Þóra)

Freyr (Þórlaug Diljá)



Komið sæl

Nú er maí á enda og mikið búið að bralla. Elstu börnin okkar fóru í heimsóknir í Kátakot og var það liður í aðlögun milli skólanna. Í opnu vikunni fengum við margar heimsóknir og þökkum við þeim sem kíktu við hjá okkur. Í lok opnu vikunnar höfðum við vorleika. Börnin komu á hjólum og sparkbílum og lokuðum við götunni hér fyrir ofan leikskólann og útbjuggum hjólabraut. Júlí Bald kom svo með slökkviliðsbílinn og fengu börnin að skoða hann að utan sem innan. Vinabekkur okkar, 5.bekkur, eyddi deginum með okkur og færum við þeim þakkir fyrir hjálpina.

Sveitaferðin var frábær og fengum við góðar móttökur hjá ábúendum á Hofi. Við þökkum þeim innilega fyrir. Elstu börnin voru útskrifuð þegar heim var komið og foreldrafélagið grillaði pylsur handa gestum og gangandi. Gerður frá Landvernd kom og afhenti leikskólanum Grænfána í annað sinn fyrir gott starf og var það Grænfánanefndin ásamt elstu börnunum sem tóku við fánanum og aðstoðuðu við að flöggun.

Í sumar ætlum við að færa starfið meira út og má sjá upplýsingar um sumarnámskrána í föstudagspóstum deilda.

Anna Lauga kemur úr veikindaleyfi þann 15. júní. Steinunn Þórisdóttir, deildarstjóri á Skýjaborg, hættir hjá okkur 15. júní og óskum við henni alls hins besta á nýjum vettvangi. Júlíana er að koma úr fæðingarorlofi 2. júní og verður hún starfandi á Skýjaborg fram að sumarleyfi.

Starfsmannahald í ágúst: Ágústa Kristín Bjarnadóttir hefur verið ráðin aðstoðarleikskólustjóri í Kátakot og Krílakot og Katrín Sif Ingvarsdóttir hefur verið ráðin deildarstjóri á Skakkaland. Smá tilfærslur verða á starfsfólki milli deilda í ágúst og er ein ástæðan að starfsfólkið á börn á deildunum og svo þarf að púsla saman stöðuhlutföllum svo þau séu í takt við barnafjölda á hverri deild.

Öll börnin á Hólakoti fara í Kátakot í ágúst og þá flytja öll börnin af Skakkalandi yfir á Hólakot. Nær öll börnin á Skýjaborg flytjast á Skakkaland í ágúst og ný börn munu hefja skólagöngu sína. Sum barnanna fara beint á Skakkaland og önnur fara á Skýjaborg og fer það eftir aldri. Í næstu viku byrjar Auður Embla (fædd 2011) á Skakkalandi og bjóðum við hana velkomna í Krílakot.

Bestu kveðjur Drífa.

Uppbyggingarstefnan

Það er mikilvægt að við lærum að þekkja okkur sjálf og þarfir okkar. Við höfum öll þarfirnar fimm en í misjöfnu mæli.

Nú erum við að undirbúa innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar inn í barnahópinn. Við höfum verið að vinna með starfsmannahópinn undanfarin ár þ.e. lesa okkur til og kynna okkur þarfirnar fimm sem við höfum í misjöfnu mæli. Það að skilja að við erum öll ólík er mikilvægt ef samvinna og samstarf á að vera gott.

Við ætlum á komandi skólaári að kafa dýpra, sammælast um hvernig við tölum við börnin og hvernig agastjórnun skal vera. Það er mikilvægt að allir noti sömu orðræðu og vinnubrögð svo börnin skilji hvað ætlast er til af þeim. Agastjórnun byggir á jákvæðum aga.

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi





Grænfaninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Pann 28. maí var flaggað Grænfána í annað sinn í öllum skólum Dalvíkurbyggðar. Til hamingju allir. Það er einstakt að allir skólar innan sveitarfélags séu komnir með Grænfána.

Við erum búin að kaupa moltutunnu. Hýði utan af ávöxtum mun fara í moltutunnuna og fara börnin á Skakkalandi og Hólakoti sjálf með það út í tunnu sem er staðsett á leikskólalóð.



Ösp er einkenni Krílakots

Víðsvegar má finna orðsendingar og mynd af Ösp sem á að minna okkur á að vernda umhverfið.

Í Krílakoti leggjum við áherslu á hollan og góðan mat

Það er boðið uppá hafragraut og lýsi alla morgna og svo cheerios, konrfleks og súrmjólk til skiptis. Staðgóður morgunverður er grunnur að góðum degi og tökum við okkur góðan tíma til að borða og spjalla við börnin um daginn og veginn.



Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2013-2014

Ágústa Kristín (Magnea Kristín)


Snæpór (Hólmar Elí)

Guðríður (Hákon Bragi)

Arnar (Daníel Ragúels)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Í leik og starfi



Söguskjóður

Nú eru allar söguskjóðurnar tilbúnar og foreldrar og börn farin að fá þær heim. Nú eru skjóðurnar orðnar sjö sem við höfum til útlans.

Skjóðurnar verða í útláni fram í miðjan júní en þá fara þær í sumarleyfi og svo hefjum við útlán aftur í september. Á meðan ætla kennara að nýta skjóðurnar í kennslu í leikskólanum.

